


FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur.

Með uppgötvuninni á eðli draumlifssins er lífgeislan milli stjarnanna í himingeimnum orðin visindaleg staðreynd.

Helgi Pjeturss.



Útgefandi: Félag Nýalssinna
Pósthólf 1159, Reykjavík.
Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765

Umsjónarmaður:
Ingvar Agnarsson.

Bakhlið tunglsins og jörðin

(Sjá forsíðumynd)

Tunglið snýr ávallt sömu hlið að jörðinni. Frá upphafi vega hefur mönnum því verið það ráðgáta, hvernig tunglið mundi líta út á þeirri hlið er frá jörðu snýr. Nú loks er sú gáta ráðin. Mönnum hefur tekist að ferðast til tunglsins og umhverfis það.

Á myndinni sjáum við bakhið tunglsins. Hún er álika gíg-ótt og sú hliðin sem að jörðu snýr. Jörð okkar sést í fjarlægð og ber við brún tunglsins. Með geimferðum hafa mönnum lokist upp nýir heimar, og einkum þó að því leiti, að þær hafa beint hugum milljóna manna um alla jörð, meir til stjarnanna en nokkru sinni áður. Margir vísidamenn og aðrir gera nú ráð fyrir því i alvöru að mannlif muni vera á milljónum hnatta, og hugleiða hvernig lífinu þar muni vera háttar.

I.A.

Erindi

Samband við framliðna vini

I.

Í öllum trúarbrögðum er gert ráð fyrir framhaldslifi, eftir dauða manns hér á jörð. Ýmsir nútínamenn virðast álita, að þessi framhaldslífstrú stafi af óskhyggju einni saman, eða jafnvel að hún hafi verið fundin upp af yfirlit hvers tíma, til þess að auðvelda henni að halda alþýðu manna í skefjum og fá hana til að sætta sig við bágborin lífskjör hérrna megin grafar. Hitt mun þó sönnu nær að framlifstrú stafi hvorki af óskhyggju einni saman né af kúgunartilhneicingum yfirvalda.

Trúarbrögð munu æfinlega hafa komið fram vegna þess að ófreskir menn, sjáendur og vitranamenn, hafa fengið sambönd (fjarsambönd, lífsambönd) við lifendur, sem heima eiga annars staðar en á okkar jörð. Í vitrunum sínum hafa þeir fengið sambönd við lifendur, sem sumir hverjir áttu ólýsanlega illa ævi, og svo við aðra, þar sem lifið var ólýsanlega fagurt og hamingjusamt. Af slikum vitrunum hafa komið hugmyndirnar um himnariki og helviti. Þær eru enginn sugarburður heldur raunveruleiki, sem allir ættu að gera sér grein fyrir.

En það, sem trúarbrögðin aldrei gátu skýrt, orsök eða raunveruleika allra skynjana og allra trúarbragða, það tókst ví sindamanninum dr. Helga Pjeturss, fyrstum manna á okkar jörð að skilja og skýra. Og kenningar hans um líf og lífsambönd i alheimi eru svo ljóst og skýrt settar fram í ritum hans, að engum er ofviða að skilja þær til fulls og tileinka sér þær, ef vilji er fyrir hendi, og rangar fyrirframsannfæringar hafa ekki um of mótað lífsviðhorf hans.

Samkvæmt hinum náttúrufræðilega skilningi dr. Helga Pjeturss er aðeins til efnislegur heimur (ekki neinn andlegur heimur, aðskilinn frá efnisheiminum, eins og spíritistar og ýmsir

aðrir halda fram). Og allir lifendur í alheimi eiga heima í hinum efnislega heimi. Allt efni alheimsins, allar stjörnur, allar vetrarbrautir, eru því hluti efnisheimsins. Allir lifendur hljóta því að eiga heima á hinum ýmsu stjörnum, sem dreifðar eru í hinu óendenlega geimrúmi. Og þetta hlýtur að eiga jafnt við um allar lífverur á hvaða þroskastigi sem þær eru, hvort sem það eru spellverur í hinum verstu vitum, eða frumlífsverur eins og þær sem byggja okkar jörð, eða háþróaðar, máttugar og kærleiksrikar verur, sem byggja aðra hnerti svo fullkomna, að við gætum með sanni sagt, að þar sé himnaríki og að ibúar þeirra séu guðir. Frá hinum fullkomnustu verum alheimsins hlýtur að streyma óaflátanlega öll sú orka og lífmagnan, er heldur við öllu lífi jarðar okkar og allra jarða.

II.

Á miðilsfundum okkar Nýalssinna koma mjög oft fram verur þær er kalla sig Æsi, og segjast vera mjög samstilltar og fullkomnar verur og eiga heima í annarri vetrarbraut. Munu það vera hinar sömu verur, er fornmann trúðu á, og nefna þær sig hinum sömu nöfnum, eins og Eddurnar skýra frá, svo sem Óðinn, Þór, Baldur, Freyja, Frigg, Lofn. Einnig koma stundum fram goðverur þær er Grikkir höfðu samband við til forna: Seifur, Hera Herakles o. fl. Nokkuð er og algengt að í samböndum okkar tali menn er uppi hafa verið á ýmsum tínum mannkynssögunnar og mætti nefna sem dæmi: Zarapústra, Brúno, Rikharð Ijónshjarta. Fornislendingar láta oft til sín heyra ,svo sem Einar Þveræingur, Sæmundur fróði, Snorri Sturluson, Grettir Ásmundsson, og síðari tíma menn eins og Skáld-Rósa, Jónas Hallgr., Steingrímur Th., Hannes Hafstein. Kunnir menn er dáíð hafa á síðustu áratugum og árum koma og oft fram í samböndum okkar og mætti nefna sem dæmi Bjarna Benediktsson, Ólaf Thors, Niels Dungal, Björn Franzson og ýmsa fleiri.

Pá má og nefna skyldmennasambönd, þótt fundir okkar séu yfirleitt ekki miðaðir við þau neitt sérstaklega. Ýmsir látnir ættingjar og vinir fundargesta koma stundum fram og tala miðilsmunni. Kannast þá oft ekki aðrir við þá en viðkomandi ættingjar, sem staddir eru á fundinum í það og það skiptið, en

oft hefur það orðið ýmsum fundargestum til gleði, er látnir ástvinir hafa átt orðræður við þá, og sagt þeim af högum sínum, hinum megin grafar.

III.

Eitt þeirra atriða miðilssambanda er mjög þyrfti að efla, eru ættmenna- og ástvinasambond. Margir eiga um sárt að binda, er ástvinir hverfa héðan mjög um aldur fram, ung börn og ungmenni frá foreldrum og systkinum, og eiginmenn og eiginkonur hvort frá öðru, oft á besta aldri. — Sorgin verður svo sár, að eftirlifendur hugsa oft lítið út í það, að hinn nýlætni ástvinur á nú fyrir höndum miklu betra líf en það, sem hefði beðið hans hér. Dauðinn veitir oft dásamlega lausn frá lífi, sem hér var orðið óbærilegt. Dauðinn er að visu ævinlega ósigur lífsins, einkum er fólk verður að hverfa héðan fyrir aldur fram, því hverjum einum mun vera heillavænlegast, að renna sitt þroskaskeið á enda, hér á þessari frumlífsjörð, jafnvel þótt lifskilyrði séu hér ekki betri en raun er á.

En á framlifshnöttunum biður hvers einstaklings mikil og dásamleg þroska og framfarabraud. Ýmsar lýsingar eru til á því, hvernig tekið er á móti þeim er héðan flytjast á aðra stjörnu. Flestar lýsingarnar bera með sér, að þeir koma fram úti við undir berum himni. Þeir litast um og sjá gróður ýmis konar og stundum fjöll í fjarska. Flestar undrast mjög þessi einkennilegu umskipti og gera sér ekki ævinlega grein fyrir að þeir séu dánir. En bráðlega kemur fólk til hinna nýfluttu manna, er hafa endurlikamast þarna á bersvæði á öðrum hnetti. Þetta fólk kemur til þess að veita hinum nýflutta alla þá að stoð er hann þarfnað og ævinlega er einhver mjög nákominn ættingi eða vinur meðal þessa fólks. Verður því þarna fagnaðarfundur, og brátt rennur upp fyrir hinum nýflutta manni, að hann er dáinn og kominn til annars hnattar. Skýrt er frá því á miðilsfundum að mjög oft sé farið með hinn nýkomna mann á einskonar hressingarhæli eða sjúkrahús, þar sem hann er látninn dveljast einhvern tíma, á meðan hann er að ná sér til fulls. Er sagt frá því, að þarna starfi læknar og þjálfað hjúkrunarfólk og veitir það hinum nýkomna alla þá aðhlyningu er hann þarf á að halda. Er svo að skilja að þeir sem mjög

hafa orðið að þjást og lengi fyrir andlátið, þurfi lengri tíma en ella til að ná sér að fullu. En allar þrautir og öll óþægindi eru úr sögunni. Og kemur að því að þeir geta farið af þessum hjálparstofnunum og virðast þá yfirleitt fara til nánna vina og ættmenna, og dvelja hjá þeim að minnsta kosti til að byrja með. Síðan fara þeir að taka virkan þátt í lifi og starfi þessa fólks, sem þeir eru komnir til. Af frásögnum framliðinna manna, fyrir miðils munn, kemur fram að mjög eru störf fjölpætt, ekki síður en hér á jörð. Unnið er við jarðrækt til dæmis og mikil áhersla lögð á fegrún umhverfis. Ferðalög eru allmjög stunduð. Reynt er að fræða hina nýkomnu um allt ástand lífsins og náttúrunnar á hnerti þeim, er hann nú er kominn til. Dýra og jurtalif er mjög fjölskrúðugt ekki síður en hér, en sá er munur, að á framfarajörðum eru veiðar alls ekki stundaðar. Framlifsmannkyn á framfarahnöttum reynir ævinlega að vernda allt dýralif hnattarins, í stað þess að spilla því, eins og hér er svo mikið um.

Eitt af því, sem mest áhersla virðist vera lögð á í framlifi, eru lífsambönd við lengra komin mannkyn á öðrum hnöttum. Eru í þeim tilgangi reistar stjörnusambandsstöðvar og þeim helst valinn staður þar sem hálfent er og útsýni fagurt. Sambandsstöðvar þessar eru miklar byggingar og fagrar, svo að þær bera af öllum öðrum byggingum. Fram kemur á miðilsfundum, að stöðvar þessar eru mjög fjölsóttar, jafnvel svo að tugir þúsunda manna koma þar saman samtímis. Þar veitist mönnum aukinn þróttur og lífsorka. Enda er sagt frá ýmsu stórkostlegu er þar fer fram. Þar birtast og likamast óumræðilega fagrar og máttugar verur frá lengra komnum lífstjörnum, guðir og gyðjur. Og þeim fylgir svo mikill máttur og kærleikur, að allir viðstaddir aukast að orku og viti. Sumt af því allra athyglisverðasta sem fram kemur á miðilsfundum hér, eru einmitt lýsingarnar á slikum heimsóknum milli hnatta.

Þessi stöð okkar hér er mjög ófullkominn vísir að stjörnusambandsstöð. Þegar betur fer að haga til á okkar jörð, þegar breyting fer að verða til batnaðar, og helstefnan, sem hér hefur ráðið svo lengi fer að láta undan síga fyrir lífstefnunni, þeirri er leiða mun til æ meiri farsældar á jörð okkar, þá munu rísa af grunni stjörnusambandsstöðvar er bera það nafn með réttu.

Þangað munu menn sækja aukinn lífsþrótt, sjúkdómar munu læknast, öll óáran mun þá brátt úr sögunni. Framliðnir menn munu þá geta komið fram og átt samneyti við eftirlifandi vini hér, hvorum tveggja til ómetanlegrar ánægju og gleði.

Til mikils er að vinna að slík sambönd komist á, og það sem fyrst.

Ingvar Agnarsson.

(Flutt á fræðslu- og miðilsfund 19. júní 1974,
í stjörnusambandsstöðinni).

Greinar

Hringfarið undarlega

Pað mun hafa verið fyrir nærfellt 20 árum í kringum 20. september að ég kom framan af Vaglarétt í Glæsibærjarhreppi — en það er skilarétt hreppsins — fyrstu löggöngur voru þennan dag. Veður var hið besta, heiðskir himinn, logn og bliða. Þetta er um kl. 7 að kveldi og sól að því komin að setjast bak við fjallgarðinn vestan Hörgárdals. Ekki man ég nú lengur hvernig á því stóð að ég kom fjárlaus af réttinni — hefi liklega fengið það flutt með bil fyrr um daginn, en verið sjálfur til réttarloka og e.t.v. verið að biða eftir úrtining og öðrum réttum. Ég mun hafa fengið bilferð hluta leiðarinnar, en ég kom gangandi síðasta spölinn, eða um það bil 1 km.

Pannig háttáði þá til, að af þjóðveginum frá Akureyri til Dalvíkur (nú svonefndum Ólafsfjarðarvegi) var rúmlega 1 km leið heim til míni og var þá aðeins ruddur vegur heim og lá eftir sléttum melum heim undir Vallargarð. Ég gekk nú sem leið lá norður melana (kallaðir eru í daglegu tali Hlöðumelar). Er ég kom, þar sem þeim sleppti, um 300 m sunnan við túnið, en þar töku við hrísmóar sem nú eru orðnir að túni, tók ég eftir einkennilegu fari til hliðar við götuna í um það bil 10—15 m fjarlægð. Þetta var á lágu melbarði þar sem mýrardrag skerst inn í melana neðan frá ánni, en melar þessir munu vera fornir sjávarkambar og sér fyrir þeim beggja megin ár. Breidd þessa barðs frá draginu að hrísmónum, sem þá var, mun hafa verið á að giska um 20—30 m á þessum stað.

Far þetta var alveg hringlaga og var líkt og plægð hefði verið rás ofan í melinn mjög hnitmiðað og reglulega, um það bil 15—20 cm djúpt og heldur breiðari. Hafði jarðvegur sá er upp kom úr þessu „plógfari“ lagst mjög reglulega til hliðar og myndaði ávalan hrygg á börmunum. Þvermál þessa hrings að ystu brún mun hafa verið um 3 m. Mér datt fyrst í hug að

þetta væri far eftir beltadráttarvél og hefði hún snúið þarna á punktinum, en sá jafnskjótt að það var fráleit hugmynd því að hvergi var nokkurt far að sjá út frá hringnum. Melarnir voru sléttir og óhreyfðir allt í kring og eins innan í þessum litla hring og hringurinn eins og ég leit hann þarna um kveldið var líkt og dreginn með sirkli svo nákvæmur var hann og ég vil segja fallegur. Þá datt mér í hug sú skýring og ég hefi ekki aðra skýringu enn í dag, að eitthvert áhald, verkfæri, eða **farartæki** sem kæmi ofan úr loftinu og færi þá sömu leið af staðnum hefði gert þetta far. Þegar mér datt þetta í hug, þarna á staðnum, kom yfir mig einhver annarleg tilfinning og ég var líkt og utan við mig einhverja smástund. Ekki get ég lýst þessari tilfinningu eða ástandi, en ekki var það ólikt, sem eitthvað tæki mig heljartökum svo að mér hálfpartinn hrysi hugur við, en ég man að mér komu í hug „fljúgandi diskar“ og mun ég hafa hraðað mér heim og ekki nefndi ég þetta þá við neinn. Þetta far sást þarna nokkurn tíma en smáeyddist af veðri og vindum uns það hvarf loks um 1960 er upphleyptur vegur var lagður yfir melana. Mér varð oft gengið að þessu fari síðar er ég átti þar leið um og aldrei gat ég látið mér í hug koma aðra skýringu á tilkomu þess.

Þess ber að geta að ég fór um þessar slóðir að morgni sama dags við fjársmölnun og hlyti ég að hafa tekið eftir farinu hefði það verið komið þá. Þetta var allfjölfarin leið af heimafólki og raunar fleirum og mátti segja að farið væri eftir þessum götum daglega. Eitthvað ræddi ég þetta seinna við einhverja, en ekki vakti það áhuga.

Allt er þetta skrifað eftir minni og hefur mig oft iðrað þess að hafa ekki mælt farið nákvæmlega og skrifað niður lýsingu á því og á atvikum þeim er það fannst. Mál eru því ekki nákvæm en mun þó ekki skakka þar miklu.

Hlöðum í Hörgárdal, 8. júlí 1974.

Stefán Halldórsson.

Upphof og endaleysa

Eins og ég hefi víst oft tekið fram, þá er undirstöðuatriði að gera sér ljóst, að öll tilvera er einstaklingstilvera. Einstaklingurinn eða einingin er hvarvetna undirstaðan, og væri það

því hinn fráleitasti misskilningur, að á nokkru stigi geti verið um annað að ræða en efni samsett af frumeindum. En einstaklingurinn eða einingin getur þó aldrei verið inn eða án sambanda við aðra. Sérhver einn hlýtur ævinlega að rekja frumorsök sína út fyrir sjálfan sig og til annara, og má af þessu ljóst vera, að hvaðeina hlýtur að vera þáttur í óendanlegum vef. Óendanleikinn er frumorsök hvers eins. Og nú kem ég að því, sem mjög er nauðsynlegt að gera sér ljóst, þegar rætt er um, hvort lifað muni vera áfram eftir dauðann, en til er það, að mönnum finnist slikt ekki geta staðist. Til þess að geta hugsað sér slikt, finnst sumum sem þeir hljóti þá alltaf að hafa verið til. „Allt, sem hefir upphaf, þrýtur,“ segir í kvæði eftir Kristján Jónsson, og kann mörgum að finnast sem þar hafi verið sögð megin sannindi. En sagan er ekki öll sögð með því að segja, að tilveran sé einungis einstaklingar og sambönd einstaklinga. Par er einnig um atburði að ræða, atburði, sem skilja eftir sig sögu eða minningar. Og af sögu sinni eða minnungum er það, að tilveran bætir æ við sig. Við hvað sem gerist, verða til minningar, og eðli minninganna er það að vara, þó að hver ein sé um það, sem eitt sinn var fyrst. Einnig það, sem við bætist og einu sinni var ekki, hlýtur að vara eða fela í sér möguleika til þess.

— Því hefir verið haldið fram sem ófrávikjanlegu lögmáli, að ekkert verði að engu og að ekkert verði af engu, og væri víst ekki árennilegt að fara að hagga þeirri staðhæfingu. En samkvæmt því, sem þegar hefir verið sagt, er þó hið síðara atriði bennar ekki rétt nema að nokkru leyti. Það liggja að vísu orsakir til alls, svo að rétt er að segja, að ekkert geti orðið til af engu. En þetta, sem er orðið og er, ávaxtar sig og gæðir viðbótarþáttum í hið óendanlega. Jafnframt því að vera óendanlega gömul er tilveran alltaf ný. Undir hverri sól gerist alltaf eitthvað nýtt, sem á fyrir sér þrotausan varanleik.

Þorsteinn Jónsson, Úlfssstöðum.

Gegn meinloku menntamanns

Glaðbirta heitir eitt að ljóðum menntamanns nokkurs, og varð mér við lestur þess sérstaklega ljóst, hvers vegna hinir

lærðu menn hafa verið svo tregir til að fallast á kenningar Nýals. Er ljóð þetta lofgerð um efann og hefst þannig:

„Efi minn er heiður himinn,
hreinn og bjartur sólskinsdagur.“

Og siðar:

„Efi minn er útsýn tindsins,
andi hinnar viðu sjónar.
og ef sækir sorg í brjóstið,
sólú hylur, vonir bugar:
Pá er efinn aflsins vottur,
aðalsmark hins frjálsa hugar.“

Að sjálfsögðu ber ekki að lasta, að menn efist um það, sem þeir ekki vita, né heldur hitt, að þeir gagnrýni, þegar ástæða er til sliks. En að tala um efann eins og hér er gert nálgast öfugmæli. Og sem andsvar við því skrifaði ég þetta þar neðan undir, og þykist ég þar fara nær hinu rétta, hvað svo sem listfenginu líður:

Efi er þoka, útsýn hindrar.
Aðalsmark hvers er að vita, sjá.
Hikandann binda hömlur vafans.
Hreinni sannfæring ber að ná
til þess að þora, til þess að vinna,
til þess að leita brattann á.

Þorsteinn Jónsson, Úlfss töðum.

Álfhóll

Á heimili mínu gisti Bandaríkjamaður nokkrar nætur, og var sá tónlistarmaður. Sagðist hann verða að kunna allar tegundir tónlistar, þær sem í tízku væru, því að annars gæti hann ekki unnið fyrir sér, og til þess að kunna einhverja tegund listar yrði að láta sér þykja gaman að henni, og þess vegna væri ekkert um það að ræða fyrir sig að gera verulega upp á milli hinna ýmsu tegunda tónlistar. Þegar hann sagðist vera viða kunnugur í borgum, spurðum við, hvort hann væri ekki hræddur við að fara inn í svertingjahverfin, þar sem ofheldis-

verk eru daglegir viðburðir, en það sagðist hann ekki vera, því þá hefur hann bara með sér lúðurinn, eða eitthvert hljóðfæri, og spilar, og það kunna allir að meta, ekki sízt svertingujarnir, og komast í gott skap. Og enginn gerir neitt illt af sér, meðan hann er í góðu skapi.

Annars var heldur fátt talað fyrstu dagana, en gagnstætt því sem ætla mætti um hina fljótkynntu Bandaríkjamenn, rættist því meir úr tali sem lengra leið. Ekki virtist okkur maðurinn heimspekilega vaxinn, og var því ekkert minnzt á þau mál eða neitt lagt út af því, sem maðurinn kunni að segja um einkennilega trúarsiði viða um jörð, því að hann var viðförull. Fannst það á að honum þótti flest slikt heldur lítils um vert. En þó fór ekki hjá því að eitt og annað slikt bærist í tal, eftir því sem samtölin urðu lengri.

„Hvers vegna er þessi grjóthóll láttinn skaga svona út í fjölfarna götuna hérna rétt fyrir austan“, spurði gestur okkar síðasta daginn sem hann var hér, meðan setið var yfir borðum. Við sögðum þá ástæðuna, að verkamenn eða verkstjórar hefðu neitað að brjóta hólinn, því að á honum væri sú trú, að álfar byggju þar, og vildu ekki láta raska ró sinni. „Allir krakkarnir og allar mömmurnar í húsunum trúa á álfa“, sagði ungar drengur okkur skömmu áður en þetta var, og undraðist hann þessa trú, því hann var ekki alinn upp við hana, og urðum við að reyna að skýra það fyrir honum, hvernig á slikri trú stæði. Ekki reyndum við að skýra það fyrir Ameríkumanni okkar, en það þótti okkur furðu gegna hve mikil áhrif þessi saga um hólinn virtist hafa á hann. Voru það ein síðustu orð hans við okkur, að hóllinn yrði að fá að standa.

Svo liða nokkrar vikur eða mánuðir og þá kemur kort frá ræktarsönum gesti, þakkar fyrir síðast og góðar óskir, en þó ein setning til viðbótar, sem ómögulegt annað er en að segja frá: „*Don't move the elf hoose*“. Þetta var það, sem honum var ríkast í huga eftir Íslandsdvöl, að Álfhóllinn yrði ekki hreyfður. Svo er annað ekki síður sögulegt um þessa setningu. Hús heitir „house“ (hás) á ensku, eins og allir vita á þessum enskunámstínum, og er samhljóða þýzka orðinu Haus (hás), og sýnir þetta saxneskan uppruna orðsins hús í ensku. En nú segir Bandaríkjamaður ekki „elf house“ heldur „elf hoose“ sem er boríð fram eins og „hús“ á íslenzku. Ástæðan er sú, að orðið „hoose“ hefur borizt til Englands með landnámi Norð-

manna og Dana þar (víkinga) á niundu, tíundu og elleftu öld, og hefur trúin á álfa verið ríkari með þeim en Söxum þeim, sem fyrir voru, og komið höfðu til landsins áður. „Álfa hús“ voru því nefnd á norrænu lengur fram eftir oldum, eftir að það mál var farið að þoka á flestum sviðum. En það sýnir þetta merkilega sögulega samhengi í enskunni, sem mun vera einn af bestu kostum hennar, að jafnvel á árinu 1973 grípur ameríku-máður til þessa gamla norræna orðtækis, þegar hann kemst aftur að nýju í kynni við hina fornú álfatrú forfeðra sinna, og segir: „Don't move the elf house“.

Þorsteinn Guðjónsson.

Um norðurljós og hnattlögun jarðar

Úr Konungs-Skuggsjá:

„En þessi verður **natura** og skipan á norðurljósi, að það er æ þess ljósara, er sjálf er nótt myrkvari, og sýnist það jafnan um nætur, en aldrigin um daga, og oftast í niðmyrkrum, en sjaldan í tungliskini. En það er svo tilsýnum, sem maður sé mikinn loga langa leið af miklum eldi. Þar skýtur af í loft upp að sjá hvössum oddum misjöfnum að hæð og mjög ókyrrum og verða ýmisir hærri. Og bragðar þetta ljós allt tilsýnum svo sem svipandi logi. En meðan þessir geislar eru hæstir og bjartastir, þá síendur þar svo mikið ljós af, að þeir menn, er úti verða staddir, þá megu þeir vel fara leiðar sinnar, svo og að veiðiskap, ef þeir þurfa. Svo og ef menn sitja í húsum sínum og er skjár yfir, þá er svo ljóst inni, að hver maður kennir annan, sá sem inni er staddir. En svo er þetta ljós brigðilegt, að það þykir stundum vera dökkvari, svo sem þar gjósi upp svartur reykur á millum eða þjokkur mjörkvi. Og er þá því likast, að ljósið kvefist þá í þeim reyk, sem það sé búið að slökkna, og sem það kóf tekur að þynna, þá tekur það ljós annað sinni að birtast. Og það kann að verða stundum, að mönnum sýnist svo sem þar skjóti af stórum gneistum svo sem af sindranda járni því, er nýtekið verður úr afli. En þá er nóttin líður og dagur nálgast, þá tekur þetta ljós að lægjast. Og er þá sem það hverfi allt í þann tíma, er dagur birtist.

En þeir menn er í ætlan eða í umræðu hafa slika hluti fært, þá eru þeir þrír hlutir, er menn hafa í getur fært, að einhver mundi vera af þeim.

Menn segja sumir, að eldur kringi umhverfis höfin og öll vötn þau, sem hið ytra renna um böll jarðarinnar. En með því að Grænland liggur á hinni yztu síðu heimsins til norðurs, þá kalla þeir það mega vera, að það ljós skíni af þeim eldi, er umhverfis er kringdur hin yztu höfin.

Þetta hafa og sumir i ræður fært, að i þann tíma, er rás sólarinnar verður undir belli jarðarinnar um nóttina, að nokkurir skimar megi af hennar geislum bera upp á himininn með því, að þeir kalla Grænland svo utarlega liggja á þessi heimsins síðu að brekkuhvelið jarðarinnar má þar minnka, það er fyrir ber skin sólarinnar.

En þeir eru sumir, er þetta ætla, og það þykir og ei ólíklegast vera, að ísarnir og frostið dragi svo mikið afl undir sig, að af þeim geislir þessi skimi.

Eigi veit ég þá hluti fleiri, er i getur sé fært um þetta mál, en þessa þrjá hluti, er nú ræddum vér um, og engan dæmum vér sannan af þeim, en þessi þyki mér ei ólíkastur, er síðast ræddum vér um.“

Þessi kafli um Norðurljós, er tekinn hér úr Konungs-Skuggsjá, en það er nafntogað rit, og mun vera samið í Noregi um miðja 13. öld. Höfundur er ókunnur. Hér lýsir hann fyrst norðurljósum eins og þau koma fyrir sjónir á heiðskíru vetrarkvöldi. En síðan reynir hann að færa fram skýringar á því, af hverju norðurljósin muni stafa. Kemst ein af tilgátum hans furðu nálægt því, sem nú er vitað, þar sem hann talar um sólina og „að nokkurir skimar megi af hennar geislum bera upp á himininn.“ Nú er vitað að efni frá Ljóshvolfi sólar berast til jarðarinnar fyrir spyrnukraft ljósgeislanna, og koma fram sem Norður- og Suðurljós við bæði heimskaut jarðarinnar. Einkum berst hingað mikið af efni þessu, er sólgos eru í hámarki, og færast þá Norðurljósin mjög í aukana.

Er næsta merkilegt að hugleiða, að á meðan myrkur var að færast mjög yfir allt andlegt líf um mestan hluta Evrópu, á miðoldum mannodynssögunnar, þá vissu menn á Norðurlöndum um hnattlögun jarðar og gátu fært þennan fróðleik í letur, án þess að eiga ofsóknir yfir höfði sér.

Víðar í Konungs-Skuggsjá er minnst á þekkingu manna um eðli jarðarinna.

Á bls. 187 er sjálf speki látin kveða svo að orði: „Vér vórum saman léttileika lofti og höfga jarðar og hengdum þunga jarðarböll í léttu lofti og styrktum festiband himins með öflugum kröftum.“

Hér er mjög greinilega lýst þeirri skoðun að hin þunga jörð svífi í lausu lofti og þar sem talað er um festiband himins, sem styrkt sé með öflugum kröftum, getur ekki verið átt við annað en aðdráttarafl jarðar og aðdráttarsamband jarðar við aðra himinhnetti. Speki heldur áfram í sömu átt á bls. 188 og segir: „Kannaða eg bjúgan hring ókyrrs hafs og mælda eg með fótum allan böll kúfótrar jarðar.“

Virðist í þessum orðum koma fram, að höfundur telur sig þekkja eða hafa mælt þvermál eða stærð hinnar „kúfóttu jarðar“.

Trúlegt er að höfundur Konungs-Skuggsjár hafi haft til að bera eigin (og e.t.v. annarra) þekkingu á eðli og hnattlögun jarðar, en einnig getur þar hafa komið til greina að nokkru innblástur eða aðsend vitneskja frá þeim vitsmunaverum, er meira vita, og heima eiga á öðrum stjörnum.

Öldum saman, eftir ritun Konungs-Skuggsjár, var haldið uppi grimmúðlegum ofsóknum sunnar í álfunni, gegn öllum þeim er reyndu að færa út svið þekkingarinnar, og einkum er um var að ræða skilninginn á eðli jarðarinna og alheimsins. Er þar eitt ljósasta dæmið, meðferðin á Giordano Brúno og hvernig hann var brendur á báli árið 1600. Hafði hann þó það eitt til saka unnið, að færa svið þekkingarinnar út til stjarnanna og gera ráð fyrir vitsmunaverum í öðrum sólhverfum.

Er því enn merkilegra að hinn rétti heimsskilningur skuli hafa náð að koma fram að nokkru í riti sem Konungs-Skuggsjá, um miðju þrettándu aldar. Þetta minnir á annað rit, enn merkara, er ritað var á Íslandi, Eddu, sem Snorri Sturluson ritaði um svipað leyti. En einnig þá var andlegt myrkur að færast yfir líf manna á landi hér.

Þessum ritum báðum tókst að sjá dagsins ljós og varðveitast síðari kynslóðum til fróðleiks og uppbyggingar, þrátt fyrir hinna dimmu aldir er í hönd fóru, og sem svo mjög drógu úr öllu andlegu atgervi manna í Norðurálfu um margar aldir.

Ingvar Ágnarsson, 18. maí 1974.

Enn um Konungsskuggsjá

Ingvar hefur sýnt mér þessa grein áður en hún fer í prentun. Ég hafði dálitið gaman af því að sjá, hve líkar hugleiðingar hans eru því sem ég var að hugsa um þessa sömu bók, Konungsskuggsjá, fyrir nokkuð mörgum árum, því að ég hef vist aldrei á þetta minnst við hann. Þessu vildi ég þó bæta við: Þar sem hinn norski höfundur Konungsskuggsjár talar um þrjár skýringar á eðli norðurljósanna, þá er það athyglisvert og raunar stórmerkilegt, eins og Ingvar bendir á hve nærrí ein þessara þriggja skýringa fer hinu sanna og rétta eðli þessara náttúrusyrirbrigða — sem Jónas Hallgrímssyni löngu síðar voru svo hugstæð og norskir vísindamenn skýrðu loks til nokkurrar hlitar. „Skimar nokkurir“, frá sólu, sem ber upp á himininn yfir „brekkuhvelið jarðarinnar“ eru norðurljósin réttnefnd og er þessi skýring beinlinis byggð á þeim skilningi að jörðin sé hnöttur (böllur). Það er ekki litið athyglisvert að slik skýring skuli þarna vera komin fram fyrir miðja þrettándu öld. En hitt er einnig athyglisvert að það er ekki þessi skýring sem höfundur Konungsskuggsjár aðhyllist, heldur aðra lakari og minnir mig að ég fyndi fleiri dæmi þess í bókinni að hann gengi fram hjá þeim skýringum sem bestar voru, en það er, auk þess að vera hnignunarvottur, — miðaldamyrkrið var þá í þann veginn að leggjast yfir Norðurlönd i almætti sínu — óyggjandi vottur þess, að höfundur bókarinnar er ekki höfundur skýringarinnar. En höfundur bókarinnar hefur eflaust verið einhver dálitið „finn“ maður við hirð Hákonar gamla, þó að ekki kunni menn að nafngreina hann, og eru Norðmenn réttilega mjög hreyknir af þessu verki hans, sem ber vott um óvenjulegan náttúrufræðiáhuga á þeim tínum, sem þá voru í Evrópu.

Hvert er þá að leita upphafs þessara merkilegu skýringa á eðli norðurljósa og lögum jarðarinnar, sem fram kemur í Ksk.? Frá því er ekki sagt þarna, en þó má segja að frásögnin beri það með sér, því að hún talar alltaf fyrst og fremst um norðurljósin á Grænlandi (í Noregi eru lika norðurljós!). Frá Grænlandi og Íslandi ætla ég að höf. Ksk. sé komin þessi vitneskja, og má í því sambandi bæði minna á Stjörnu-Odda (um 1100—

1140) og á ritið Alfræði Íslands, sem skýrum orðum segir að jörðin sé hnöttótt (böllótt er jörðin) og einnig á það að þessar þjóðir, Íslendingar og Grænlendingar sigldu fyrstar um heims-höfin, en það opnar stjarnfræðisýn. Höf. Konungssk. ber að vísu útlenda bók („bók Isidori“) sem hann segir þá nýkomna í Noreg sunnan úr löndum, fyrir því sem hann segir um hnatt-lögun jarðar, og hafa fræðimenn talið sjálfsagt að þangað hafi hann sótt þessa viðneskju. En hitt er öllu líklegra, að hann hafi aðeins notað þessa tilvitnun í erlenda þekkingu, — sem var af forngrískum rótum runnin — til að styðja það sem þegar var vitað á Norðurlöndum, og best á eylöndunum vesturfrá, Íslandi og Grænlandi. Hversu miklu gildari rök fyrir hnattlögun jarðar munu það ekki hafa þótt í Noregi um 1250, að slikt stæði í „bók Isidori“ heldur en t.d. „bók Stjörnu-Odda utan af Íslandi“? — Þetta er allt svo mikið mál að ég geri ekki nema rétt að minnast á það, en vonandi verður miklu meira og betur um það ritað síðar þegar fer að rofa til fyrir viðurkenningu hins norræna anda.

Þorsteinn Guðjónsson.

Draumar

Draumur um jarðlög

Mig dreymdi að ég var að horfa á jarðvegssnið, nokkurt eða malarbakka allháan, og náði athygli míni svo sem 20 metra uppeftir honum og nokkurn spöl til hægri og vinstri. Ég þóttist reyna, að gera mér sem besta grein fyrir myndun þessa jarðvegs, á því svæði, sem framundan mér var. Þessi bakki var alveg þverhniptur og slútti jafnvel fram yfir sig sums staðar. Þarna skiptust á malarlög nokkuð grófgerð og leirlög eða einhver þétt lög og smágerð. Malarlöggin voru misþykk, voru sum svo sem hálfur metri á þykkt en önnur svo sem rúmur metri. Sá ég greinilega malarhnúllunga í lögum þessum mjög misstóra. Leirlöggin milli malarlaganna voru aftur miklu þynnri, eða á að giska svo sem 10 sm upp í allt að 30 til 40 sm. Voru þau úr fingerðu efni, eins og það væru leir og sandlög, og mátti þar sjá flögumyndun. Pótti mér sem öll þessi láréttu lög mundu hafa myndast í sjó eða vatni. En neðst í staflanum var jarðmyndun, sem vakti sérstaka athygli mína. Þar var jarðlag, rautt á lit og stakk þannig mjög í stúf við lögin, sem lágu ofan á því. Þetta rauða lag stóð svo sem two metra upp úr jörðinni og stóð einn til two metra út undan efri lögunum, og myndaði þannig e.k. syllu.

Draumur þessi var mjög skýr, svo að minning míni um draumsýn þessa er allt að því eins skýr eins og þótt um athugun í vöku hefði verið að ræða.

Þess má geta að kvöldið áður átti ég samtal við mann, sem mikinn áhuga hefur á jarðfræði, og býst ég við að stilliáhrif frá honum hafi leitt til þessa draumsambands, þótt ekki töluðum við um jarðfræði í það sinn.

Ingvar Agnarsson, 13. des. 1970.

Svifið yfir löngum firði

I.

Mig dreymdi að ég sveif milli hárra fjalla, og var sjór undir. Ég sveif þarna yfir mjög löngum firði, var hann sums staðar nokkuð breiður en annars staðar mjög þróngur. Ég sveif ýmist hátt eða lágt, og ég athugaði landslagið. Viða sá ég til botns á sjónum, þar sem fjörðurinn var mjóstur. Sá ég hvernig hamrabeltin lágu þarna lárétt hvert niður undan öðru, og enduðu í kverk neðst niðri. Sjóinn var mjög tær, og nokkuð grænleitur. Mér þótti, sem skriðjökull hefði grafið þennan fjörð. Ég athugaði hamrabeltin í hlíðum fjallanna, þau voru lárétt, hvert upp af öðru og ekki ólik blágrýtislögum í íslenzkum fjöllum, að öðru leyti en því, að hér var liturinn miklu ljósari. Fjöllin voru mjög brött og mjög há, en annars tók ég einkum eftir þeim neðantil. Í raun og veru má segja að samfellt fjall hafi verið sitt hvoru megin fjarðarins. Ég þóttist vita deili á landslagi á mjög stóru landsvæði, beggja megin þessa fjarðar. Þóttist ég vita að langir og þróngir firðir lægju samhliða þessum firði, og sá ég fyrir mér í huganum, hvernig öllu landslagi var hattað.

Ég hélt nú áfram að svifa út eftir þessum langa firði unz ég kom út fyrir hann, og blasti þar við haf, með strjálingi af smáum eyjum. Ég staðnæmdist á nesi einu, hægra megin við fjarðarmynnið. Var þar fólk fyrir. Einn unglungur kom til míni, og bað mig að svifa með sig út í eyju eina, sem var skammt frá landi. Ég tók í hönd hans og svifum við saman út yfir sjóinn, lágt, og staðnæmdumst á eyjunni. Endaði þar draumurinn.

II.

Eins og aðrir svifdraumar, hlýtur þessi draumur að hafa orðið til fyrir samband við mann á öðrum hnerti. Draumsýnir voru mjög skýrar og engar rangþýðingar eða endurminningar úr völkulifi mínu.

Sú ályktun draumgjafa míns, eða eins og hún komst inn í mína vitund, að hinn þróngi fjörður sem ég þóttist svifa út yfir, væri grafinn af skriðjökli kann að vera nokkuð vafasöm, því yfirleitt eru dalbotnar og fjarðarbotnar, sem jöklar ganga um hér á jörð, fremur breiðir en ekki kverklaga.

Ingvar Agnarsson, dreymt 20. apríl 1970.

Draumur um fótspor í snjó

I.

Mig dreymdi að ég gekk eftir götu í einhverri borg. Húsaröð var á hægri hönd. Fátt fólk var á ferli. Jafnfallinn snjór huldi götuna og tók mér sem næst í skóvarp. Spor eftir fólk lágu um götuna, mörg spor, sum eftir fullorðið fólk en sum eftir börn.

Allt í einu beindist athygli mín að mjög stórum sporum sem lágu eftir götunni í sömu átt og ég gekk. Þau voru um helmingi lengri en sporin eftir fullorðna fólk, og breiddin eftir því. Lengdin á milli þessara spora virtist mér vera allt að tveir metrar, eða meira en helmingi lengri en á milli venjulegra mannsspora. Þrátt fyrir stærð þessara spora virtust þau hafa öll einkenni mannsspora, því lögur, lengd og breidd þeirra var hlutfallslega eins, þótt stærri væru. Ég undraðist nokkuð þessi stóru spor og veitti þeim því sérstaka athygli.

II.

Stærð manna á jörðu okkar er talsvert misjöfn eftir kynþáttum.

Í draumi hefi ég nekkrum sinnum séð mjög mikinn mismun á stærð manna, jafnvel svo, að skakkað hefur um helming á hæðina. Í slíkum draumsýnum hlýtur ávallt að vera um sambönd að ræða við draumgjafa á öðrum hnöttum.

Í framansögðum draumi benda hin stóru fótspor í snjónum til þess, að á þeim stað búi kynflokkur, sem er miklum mun stórvaxnari en sumt af ibúum þess staðar, þótt sennilega sé vaxtarlag beggja ekki ósvipað.

Eftir skilningi Nýalssinna hlýtur draumsýn sem þessi að eiga rætur að rekja til sambands við draumgjafa á öðrum hnetti, þar sem svo hagar til, því svo mikill stærðarmunur manna er ekki á okkar jörð.

Ingvar Agnarsson, dreymt 17. jan. 1974.

Óhugnanlegur draumur

I.

Mig dreymdi að ég kom að palli nokkrum þar sem verið var að brenna eða svíða lifandi fugla. Pallurinn var um 2—3 metrar í þvermál og líklega um 70 cm á hæð. Á honum voru margir fuglar, líkir hænsnum, sem mér þóttu vera bundnir á fótum við gólf pallsins, svo þeir gátu ekki hreyft sig úr stað. Blálitir logar, næstum eða alveg reyklausir, stóðu upp af pallinum og léku um fuglana. Maður stóð hjá pallinum með langa stöng, sem hann notaði til að ýta við fuglunum svo að þeir skildu svíðna í logunum sem allra jafnast. Mér virtist fuglarnir engjast af kvöllum, en ekkert hljóð heyrði ég frá þeim. Mér óaði við, að slikar aðfarir skyldu vera við hafðar að svíða fuglana lifandi.

Ég fór nú frá þessum stað og kom að öðrum palli, þar sem samskonar verknaður fór fram. En hér var um aðra fuglastegund að ræða og stærri. Voru þessir fuglar líkir álfum. Teygðu þeir langa hálsana upp og til hliðar. Einnig hér voru blálitir logar, sem léku um fuglana.

Dreymt 22. júní 1972.

II.

Draumur þessi mun vafalaust eiga rætur að rekja til sambands við draumgjafa á öðrum hnetti, þar sem mjög stefnir í vitisátt, því ekki hefi ég heyrt um aflifun fugla hér á jörð með slíkum hætti. Mætti þó margt segja, um ákaflega ómannúðlega meðferð og aflifun dýra, viða í löndum, þótt ekki verði hér gert að sinni.

Eitt af verstu einkennum helstefnunnar, er að valda öðrum þjánингum. Er hætt við að svo haldi áfram, meðan hinum lengra komnu íbúum annarra hnatta tekst ekki að breyta hér um stefnu og bæta lifsamböndin.

Ingvar Agnarsson

Draumsamband við hund

I.

Nýlega dreymdi mig annan sérkennilegan draum. Ég á litinn hund, sem mér þykir mjög vænt um (mér þykir vænt um dýr yfirleitt) og honum þykir vænt um mig líka.

Eina nóttina var eins og ég hefði fjarsamband við hundinn minn. Mér þótti ég vera hundur. Ég hugsaði að hætti hunds, ég sá fjóra fótleggi mína, langt trýnið á mér og skottið. Ég sá húsbóna minn (sem var ég!!!), með augum hunds og ég var mjög ánægður með það, að hann var að fara með mig út á göngu. — Á götunni sá ég fætur fólkssins. Ég varð að fara varlega, til að verða ekki troðinn undir af drengjum, sem voru að leika sér.

Petta var einkennilegur draumur. Ég fann yfirburði mannsins (sem átti mig), hæfileika hans, gáfur og afl. Mér fannst ég vera **ekkert** og samtímis var ég fullur velvildar til húsbóna míns, vegna þess að hann var svo góður við mig og í návist hans þurfti ég ekkert að óttast.

Edward Michalski, úr bréfi 16. des. 1973.

II.

Ég hef heyrt nokkra drauma, þar sem dýr voru draumgjafar manna, en fremur mun það vera fátítt. Í draumnum, sem hér er sagt frá, mun hundur Edwards hafa stillt hann til sambands við annan hund á öðrum stað. Sá hundur hefur átt húsbóna og á þeirri stundu, sem Edward er að dreyma, hefur þessi hundur og húsbóndi hans verið á ferð í fjölförnu stræti. Hinn sofandi Edward sér því i draumi, það sem hundurinn vakandi sér. — Þannig er með alla drauma: Það sem vakandi maður (eða dýr) sér og skynjar, berst til heila sofandi manns fyrir fjarskynjun og honum finnst ætið að draumgjafinn sé hann sjálfur.

Í því tilviki, er hér um ræðir, er vináttusamband milli Edwards og hundsins hans. Eins og menn stilla aðra menn til ákveðinna draumsambanda, eins hefur nú hundur Edwards stillt hann til ákveðins draumsambands, og þar sem stillirinn er hér hundur er eðlilegt að draumsambandið verði við hund.

Dýr munu einnig dreyma, og hugsanleg er sú skýring að hundur Edwards hafi ekki stillt hann beinlínis til sambands við einhvern fjarlæga nhund, heldur hafi Edward í raun og veru tekið þátt í draumi hundsins síns. Draumur eða fjarskynjun hundsins hans hefur þá borist til sofandi heila Edwards. Þá mundi draumsambandið í rauninni hafa verið tvöfalt.* Að vísu kemur þetta ekki fram í draumsögunni, eins og hún er sögð hér að framan, en slik skýring væri þó hugsanleg. Og hvort sem heldur er, þá er hér um fjarskynjun að ræða og fjarsamband milli manns og dýrs.

I.A.

Draumur um ísraelska hermenn

Í fyrrinótt dreymdi mig einkennilegan draum, sem ég ætla að segja þér. Ég þöttist vera í Mið-Austurlöndum innan um ísraelska hermenn. Ég talaði við þá á hebreisku og pólsku. (Í rauninni get ég alls ekki talað hebreisku, en hef þó kynnt mér það mál lítillega.) Þeir skildu mig ágætlega. Við ræddum um stjórnmál og styrjaldir. Svo fóru þeir með mig í bifreið til næsta þorps. En það var ekki þorp eins og þau eru á okkar jörð. Þarna voru einkennilegar byggingar, bifreiðar, stræti; allt var öðruvísi en ég hefði getað ímyndað mér. Eftir stundarkorn sá ég hervagna, einkennilega skriðdreka og ýmiskonar vopn. Allt var rautt og gult. Og sólin var svo björt að annað slagið væið ég að loka augunum. Þarna voru mjög fagrar konur meðal hermannanna, klæddar mjög stuttum pilsum og fjóUBLÁUM blússum. Þær voru fagrar eins og kvíkmyndastjörnur. Ég reyndi að tala við eina þeirra, en hún gat alls ekki skilið mig.

Pessi draumur var langur, litauðugur og greinilegur. Ég sá hvert einstakt atriði mjög greinilega. Ég held að þetta hafi ekki getað verið ísraelskir hermenn. Ég held, að ég hafi séð mannlegar verur á annari jarðstjörnu.

Segðu mér nú, hvað finnst þér um þennan draum?

Edward Michalski, úr bréfi 16. des. 1973.

(I.A. þýddi úr ensku).

* Þannig að Edward skynjar það, sem hundur hans sér í draumi.

Sambandsfundir

Miðilsfundur haldinn 20. des. 1971.

Maður ónefndur, framliðinn af öðrum frumlífshnetti: Ég get fundið áhrif frá stöð ykkar, skynja hugsun ykkar og skilning ykkar, hvernig þið viljið stefna og þykir mér furðulegt að vita, að slikt skuli vera til á frumlifsjörð þeirri, sem þið búið á. Hreyfing þessi þyrfti að vera fullkomnari. Í sambandsmálum mun verða framför. Ég veit til ykkar og skynja nokkuð hvernig lifið á ykkar jörð stefnir. Er það ekki rétt stefna, sem ræður yfirleitt, þekking manna ófullkomin, atburðir ískyggilegir. Þetta er mikið vandamál að ráða bót á, eins og ástæður eru á ykkar hnetti. Ég tala frá fjarlægri stjörnu í ykkar vetrarbraut. Framliðinn er ég, þó ekki af ykkar hnetti heldur af öðrum frumlífshnetti. Þyrfti þar breyting að verða á. Þar er líkur hópur farinn að starfa og hjá ykkur, miðlar, og lika hugsun, að leita sambands við aðra hnetti, guði og aðra framliðna þaðan. Það sem þeir hafa getað gert þar er tiltölulega skammt komið, en árangur þó nokkur. Þeir hafa gert tilraunir í 6—7 ár. Árið þar er likt og á jörð ykkar hvað lengd snertir. Þeir eru farnir að magnast til samstillingar nokkuð. Þeir hafa skilning á sambandinu og fyrir þann skilning er þessi hópur tekinn að starfa. Ég hef ekki talað við ykkur fyrr en í þetta sinn. Mjög finnst mér þetta merkilegt, að komast í samband við annan frumlífshnött en þann, sem ég fór frá. Ég starfaði með þessum hóp áður en ég fór. Ég hafði skilning á sambandi. Sú þekking var mér tiltæk. Á liku stigi tæknilega er þessi jörð og ykkar. Styrjaldir og hörmungar, þó ekki alveg óslitið eins og þið þekkið á ykkar jörð. Mikil og stór þjóð, þar sem ég átti heima. Margt skelfilegt hefur þar gerst. Nokkuð þolanlegt í borginni. Fjölmenni mikið. Hreyfing vaxandi. Fleiri takा þátt í starfi þessu, þó ekki nægilega margir, þurfa að vera margfalt fleiri.

(Eru margir þarna á miðilsfundum?)

Fleiri hundruð koma stundum saman í einu. Miðlarnir eru fáir og vantar mikið á, að þeir hafi styrkst nægilega... Yrði þá breyting mikil út frá þessari viðleitni, sem áhrif mundu hafa um landið og um allan hnöttinn.

iEr hann enn á lifi, sá sem uppgötvaði lífsambandið?)

Sá sem uppgötvaði lífsambandið lifir þar ekki lengur, er fluttur þaðan fyrir nokkuð löngum tíma. Lengi er verið að uppgötva snillingana og vitringana. Margt er furðulíkt á þessum hnetti og á ykkar. Sá er munur að menn á þeim hnetti eru nokkuð frábrugðnir í últiti um sumt, mannkyni ykkar hnattar. Þó má segja það sama hvað sköpulag snertir, hendur og fætur, höfuð og skynfæri likt, þó sumt frábrugðið. Margar ættir og og kynstofnar.

(Hvað er þessi hnöttur langt í burtu?)

Ég hef nú verið að grenslast um fjarlægðina. Hann er í 700 ljósára fjarlægð. Fæ vonandi aftur að tala við ykkur. Liklega get ég þá sagt ykkur nánar um þetta og aðra hluti.

Ingólfur Arnarson: Sæl verið þið. Jæja, vinir. Ég hef fylgst með tilraun ykkar af miklum áhuga og reynt að senda ykkur orku. Já, ég er mjög ánægður með að geta haft samband við hnött ykkar og vil mjög gjarnan leggja mitt lóð á að vel megi takast, sem hnetti ykkar er svo mikil nauðsyn á. Ég er hér staddir i stöð Helga Pjeturss og komum við hér nokkuð mörg saman. Minn hnöttur er í ykkár vetrarbraut og er mikilsvert fyrir allt líf í þessari vetrarbraut, að slik ferðalög skuli geta átt sér stað. Okkur veitist mjög auðvelt að fara í ferðalög um vetrarbraut okkar. Að vísu eru of margir staðir, þar sem ekki er hægt að koma við heimsóknum, en mikið starf er lagt í að fækka þeim stöðum, sem erfitt er að koma við heimsóknum á. Nú hafið þið bætst í þann hóp, sem líklegt er að hægt sé að koma í samband við aðra hnetti. Þetta þarf mjög að eflast frá því sem nú er. Ég má víst ekki tefja mikið lengur. Eigi get ég stillt mig um að segja ykkur hve hér er fagurt og hve sterk áhrif hefur þessi heimsókn okkar til stöðvar Helga. Svo mun verða einnig til framgangs á ykkar hnetti. Ég sem tala, er sá maður, sem margir landar ykkar álíta nú í dag ekki meira en sögupersónu. En látið get ég ykkur vita, að ég lifði minu lifi á hnetti ykkar og fluttist frá minu feðra landi, til að byggja þá eyju, sem Ísland er kölluð. Ég er Ingólfur. Nú gat ég sagt ykkur

nafn mitt og vænti ég að geta tekið þátt í starfi ykkar og stutt ykkur af alhug. Ég mun seinna tala við ykkur.

Miðilsfundur haldinn mánuðaginn 18. mars 1974.

(Miðill: Sveinn Haraldsson).

Bjarni Benediktsson: Komið sael. Hér er Bjarni Benediktsson, sem talar. Í okkar stöð hér eru nokkrir, sem eru að reyna að ræða öriitið við fundargesti. Það er svo mikið, sem ég er með í huga mínum, að vandi er að tína þar eitt til, fremur öðru. Samt þykir mér hvað mestu máli skipta þetta, að tala um sambandið hnattanna á milli og það er ykkur þó ef til vill enn betur ljóst en mér, þýðing þessa sambands, en án þess að á það sé minnst, er ekki haegt að koma hér fram í þessu sambandi. Það er á ykkar landi, Íslandi, þjóðhátið í undirbúningi, í tilefni landnáms Íslands. Og landnáminu þarf að halda áfram, og lengra en var sótt frá Noregi til Íslands. Þarf nú að sækja til annara stjarna. Hlutverk Íslendinga er, að færa landnámið út til stjarnanna. Það er hið mikla hlutverk Íslendinga. Nú er þjóðhátið þess vegna þýðingarmikil. Mjög gæti hún orðið hvatning til slíks landnáms og mjög vil ég eindregið beina því til sem flestra Íslendinga, að þeir taki mál þetta til rækilegrar umhugsunar. Er ekki um að ræða þýðingarmeiri niðurstöðu en þá, að hefja megi héðan nokkurs konar landnám í fjarlægum sólhverfum. Sé ég ekki betur en að það sé mál málanna, þetta sambandsmál. Reyni ég af fremsta megni, að hafa áhrif á ýmsa góða drengi meðal Íslendinga, áhrif á hugarfarið. Þeir eru ekki ómóttækilegir fyrir öllu, en þó skortir á, að ég nái til þeirra, svo dugi. Kraftur þessi er ég sendi til ykkar er mikill, þótt ekki komi að fullu gagni.

Spurning: Getur þú haft áhrif á stjórnmálamennina?

Ég reyni að hafa samband við þá, og möguleika til að gefa þeim góð ráð. En það er ekki auðvelt, eins og málin nú standa. Þó er ekki vonlaust, að rætist betur úr þessum málum á þessu merkisári í sögu þjóðarinnar, og er ég þakklátur þeim, er vilja greiða fyrir mér hér og fleirum, að við getum komið áhrifum okkar betur fram.

Miðilsfundur haldinn 30. ágúst 1971.

Magnús (kvaðst vera frá söguöld): Ég átti heima á ykkar landi. Litið var hugsað um stjörnurnar. Lifið fór allt í strit fyrir

daglegu brauði. Þegar ég dó kom ég fram á stað þar sem mikil fáfræði var ríkjandi. Enginn virtist vita að þeir væru á annari jörð og enginn kærði sig um að vita neitt. Og þannig var því einnig farið með mig. Ég get ekki sagt að mér liði neitt illa þarna, en þó var þarna óyndislegt. Flestir voru mér þarna ókunnir. Leið svo mjög langur tími að ég skildi ekkert, og tók engum framförum. Þá vildi það til eitt sinn að ég hitti two ókunna menn. Þeir sögðu meðal annars, að menn þyrftu að vera á framfaraleið. Ég skildi nú lítið hvað þeir áttu við, en var þó annað slagið að hugsa um, hvað þeir hefðu verið að tala um. Svo leið enn langur tími að ekkert gerðist. Loks hitti ég þá aftur, og fóru þeir enn að tala við mig. Og ég spurði þá um ýmislegt. Þeir sögðust ekki vera frá þessum hnetti, heldur væru þeir nú hér í heimsókn. Hugsun mín var nú vakin, og hugleiddi ég oft það sem mennirnir höfðu sagt mér. Eftir þetta hitti ég þá oft, og fraeddu þeir mig um ýmislegt, svo sem um það hvernig komast ætti á framfaraleið. Ég var nú loksns farinn að skilja, og áhugi minn var mikill fyrir að vita meira. Ég fór nú að minnast á þessi mál við aðra menn, en það bar litinn árangur, menn viðu ekki hlusta á mig. Og svo fór að ég einangraðist frá öðrum mönnum.

Miðilsfundur haldinn 6. sept. 1971.

Magnús: Pað sem ég sagði á síðasta fundi ykkar, komst ekki allt rétt til skila. Ég var ekki uppi á söguöld heldur á sautjándu öld og lifði fram á þá átjándu. Eins og ég sagði síðast, lenti ég meðal mjög fáfróðra manna, er ég fluttist á annan hnött. Það er erfiðara að slíta sig úr félagsskap manna hér, en er á jörð ykkar, þótt oft geti það verið nógu erfitt. Eftir að ég kynntist þessum vinum mínum, sem ég sagði ykkur frá seinast, sem komu til hnattar míns frá öðrum hnetti, fór að greiðast úr fyrir mér, uns ég flutti á annan hnött, og dó ég þá í annað sinn. Á þessum nýja hnetti var allt fegurra en á þeim fyrri.

Ég hef átt heima á 3 hnöttum eftir að ég flutti af ykkar jörð, og nokkuð jafnlengi á hverjum þessara hnatta. Ég sé mikið eftir þeim tíma, sem ég var á fyrsta hnnettum. En allt verður að hafa sinn gang. Nú bý ég á mjög fögrum hnetti, þar er ein-dregin lífstefna. Er ég kom á seinni hnöttinn vaknaði ég upp úti á víðavangi, eins og á þeim fyrri, en nú var ólikt fegurra.

Ónefndur Indverji: Ég er í heimsókn í stórri sambandsstöð og það sem ég sé er stórkostlega fagurt. Mikil birta er hér yfir fólkini og öllu. Ég sé hér marga vini. Ég er magnaður mjög. Likami minn er skínandi og fagur á að sjá, segja þeir, sem hér eru, og mun rétt vera. En allir hér eru líka skínandi og fagrir. Ég fer hamförum. Það er eins og líkaminn leysist upp og kemur svo fram, þar sem skilyrði eru fyrir hendi. Ég er af ykkar hnerti, mjög löngu farinn, fyrir um 600 árum. Ég var á Indlandi. Ég vissi þá lítið um Evrópulönd. Ég hef átt heima á mörgum hnöttum. Sá, sem ég á nú heima á er mun stærri en ykkar hnöttur. Hlutfallsstærð landa og sjávar er svipuð og á ykkar hnerti.

Miðilsfundur haldinn 6. ágúst 1967 á Brekkubæ, Hornafirði.

Ullur. Ég er Ullur. Ég er kallaður Ljúflingur okkar hnattar. Mig langar til að senda ykkur nú mikla orku og magna ykkur. Ég ætla að reyna að segja ykkur nokkurn fróðleik frá okkar hnerti. Stjörnusambandsstöð okkar stendur hátt í fjalli, og er útsýn þaðan stórlægum fögur og sér mjög vítt yfir. Bygging þessi er mikil og fögur. Í henni er einn salur stór, þar sem mjög vel hagar til, svo að hægt sé að sjá til annarra stjarna. Annar salur er sérstaklega ætlaður til að taka á móti gestum frá enn lengra komnum hnöttum. Hér koma fram guðir og gyðjur, mjög fögur og stórkostlega öflug. Við þessar heimsóknir mögnumst við mjög. Þessir guðir eru frá mörgum fjarlægum vetrarbrautum og einnig frá mörgum hnöttum í okkar eigin vetrarbraut.

Ég ætla að minnast á jurtir á okkar hnerti. Þær skynja, það sem fram við þær kemur. Þær eru svo fagrar, að þið mynduð ckki skilja, þótt ykkur væri af því sagt. Segja má að þær séu skínandi. Þær senda frá sér svo mikla líforku, að hún verður sýnileg. Við beitum mikilli varfærni við að umgangast þessar jurtir. Við verðum að sýna þeim mikla tillitssemi. Þetta eru tré, runnar, rósir, allskonar fjölbreyttar jurtir.

Við vinnum hér að ýmsum stöfum. Mikið starf er lagt í alla fegrun hér, og ræktun. En mikilvægasta starfið, sem hér er framkvæmt, er hjálparstarf. Við störfum hér í mörgum deildum innan stjörnusambandsstöðvarinnar, og allar deildirnar styðja starf hverrar annarar. Við sendum ykkur mikinn kraft, en aðeins lítið brot af þeim krafti nær að koma fram. Aflsvæði ykkar jarðar vinnur á móti okkar afli, og ykkar litla aflsvæði

er enn svo vanmáttugt. En þetta stendur til bóta hjá ykkur. Þó getum við ekkert sagt með vissu. Við getum aðeins vonað.

Við sendum leiðangra til annarra stjarna, sem illa eru á vegi staddar til að hjálpa þeim. Það eru nokkuð margir sem fara í hverjum hópi. Peir hverfa héðan en koma fram þar. Þið kallið þetta hamfarir. Við það að koma fram á þessum illa settu hnöttum, minkar lífsafl þeirra mikið. Það dregur svo mikið úr því, er þeir koma í andsnúið lifaflsvæði. Meðan á veru þeirra þar stendur afmagnast þeir mjög, og mjög er það erfiðleikum bundið, að ná þeim þaðan heim aftur. Við verðum til þess að beita öllu afli okkar, og allir samstirningar okkar leggja fram orku sína svo að það megi takast. Er þeir koma heim aftur eru þeir mjög afmagnaðir, og það tekur þá þó nokkurn tíma að öðlast fullan styrk á nýjan leik, svo að þeir geti enn tekið þátt í nýju hjálparstarfi. Við sendum hvern leiðangurinn á fætur öðrum. Það stenst á endum, yfirleitt að þegar einn hópurinn kemur heim úr hjálparleiðangri, þá fer annar hópur á staðinn til að halda áfram starfi hins.

Miðilsfundur haldinn 10. ágúst 1967 að Laugavegi 24, Rvk.

I.

Ullur (og Þór að nokkru leiti) : Mig langar til að segja ykkur frá okkar hnerti. Um daginn á Hornafirði sagði ég ykkur nokkuð frá hnerti okkar og frá leiðöngrum sem við sendum til annara hnatta. Stjörnusambandsstöð okkar stendur hátt í mjög stóru fjalli. Hún er stór og fögur. Í henni eru nú samankomin mörg þúsund gyðjur og guðir. Við reynum öll að senda ykkur mikinn kraft. Ég ætla nú að segja ykkur nánar frá björgunarleiðöngrum okkar til annara hnatta. Ætla ég þá að segja ykkur frá einum slikum. Við vissum um einn hnött, sem mjög er illa á vegi staddir. En þar voru samt nokkrir, sem sýnt höfðu hugarfarsbreytingu, svo við töldum að unt yrði að bjarga nokkrum þeirra. Er ekki að orð lengja það, að til þessa hnattar sendum við um 40 manna hóp. Og eftir að þeir höfðu komið þar fram, lögðu þeir strax af stað til þess staðar á hnnettinum þar sem hjálpin átti að fara fram. Þeir gáfu sig á tal við þá, sem hjálpa átti. Það er mjög erfitt að hjálpa þessum mönnum til að átta sig. Helstefnan á svona stöðum er miklu eindregnari en á ykkar jörð. Þeir skilja alls ekki að þeir séu lifandi á öðrum

hnerti, þeir halda að þetta sé allt einhvern veginn öðruvísi. Jæja, leiðangursmönnum tókst að telja nokkra þessara manna á að fylgja þeim og er þeir voru komnir á tiltekinn stað, voru þeir látnir sofna. Þeir komu síðan fram á öðrum stað, þar sem betur var ástatt. En leiðangursmenn okkar höfðu gert mistök. Nokkrir þeirra höfðu tekið þátt í atferli íbúanna á þessum hnerti og þannig ánetjast þessu afslvæði. Við það fóru þeir úr sambandi við leiðangurinn. Og það tókst ekki að ná þeim heim aftur. Allir leiðangursmenn afmagnast mjög, í svona ferðum. Hið illa afslvæði er svo sterkt, og vinnur beint í gagnstæða átt. Til að bjarga þeim leiðangursmönnum sem eftir urðu, verður að beita mikilli orku og senda aðra leiðangra. Þeir komast loks úr þessu, með því að fara þrep af þrepí.

Ég ætla nú að minnast á gróðurinn á okkar hnerti. Hann er svo fagur og þroskamikill að þið getið ekki gert ykkur það í hugarlund. Segja má að mörg blóm séu lýsandi. Hér eru mjög stórar breiður fagurra blóma, sem við forðumst að ganga um, til þess að skemma þau ekki. Pau taka við svo mikilli magnan, og þau gefa frá sér svo mikla líforku, að allt loftið verður mettað af henni. Andrúmsloftið hér er svo þrungið af krafti, að við styrkjumst af að anda því að okkur. Við þurfum því ekki að leita okkur næringar fremur en við viljum.

II.

Ullur og Þór skiftust á að tala, það sem nú var sagt. Af lýsingum þeirra af leiðöngum til annarra stjarna, í björgunartilgangi, kemur skýrt fram að leiðangursmenn leggja sig í geysimikla áhættu. Og áhættan er einkum sú að ánetjast hinu illa afslvæði þess hnattar, sem þeir fara til að hjálpa. M. ö. o. þeir fara að taka þátt i vafasönum athöfnum íbúanna, hugarfar þeirra versnar og þeir missa þannig samband við hina lengra komnu íbúa hnattarins, sem var heimkynni þeirra. Hið illa afslvæði hnattanna, þar sem björgun fer fram, er svo sterkt, að það afmagnar og sogar til sin þann hluta leiðangursmanna, sem helst er móttækilegur til að samlagast því.

Minna má á þá frásögn bibliunnar, að djöfullinn hafi eitt sinn verið einn af guðs heilögu englum. M. ö. o. guðleg vera getur breytst í djöful við sérstakar aðstæður. Þetta virðist vera eitt af því, sem guðlegar verur verða að hætta á, til að geta komið fram sinum hjálparstörfum. Svo mikil er áhættan, sem þeir leggja sig í.

I.A.

Lesendabréf

Úr bréfi frá Póllandí, dags. 10. febr. 1973.

Mannkyn jarðar vorrar hefur sofið um aldir. Það hefur verið lokað inni í fangelsi misskilnings, hungurs, fáfræði, styrjálfa, lyga, trúarbragða og falskrar hugmyndafræði, og varð þannig einn allsherjar þræll. En þú fæddist aldrei til að verða þræll. Þér var ævinlega þróngvað inn i þrælsástandið, og oft er tæki-færi til að sleppa úr því. „Sjáandinn er ávallt á krossgötum.“ Ef þú leggur þig fram er möguleiki til að sleppa, eins og Þorsteinn Guðjónsson ritaði í I.C. í marz, 1972. Þetta er sannleikur. Maðurinn var ekki fæddur til þess að verða þræll **falskrar hug-myndafræði**. Hann getur orðið frjáls ef hann skilur sannleikann og finnur sinn rétta stað í tilverunni. Við erum á þröskuldi alheims stjörnusambanda. Við verðum að skilja það. Maðurinn verður að hafa trú á sjálfum sér, á mikilleik sínum, afli og óhemju möguleikum til þess að breyta **ekki aðeins jörðinni, heldur einnig alheiminum**. Hinum mikla dr. Helga Pjeturss eignum við að þakka, að við höfum fengið að kynnast eðli alheimsins, og að við höfum fundið hina einu mögulegu leið til skilnings. Við verðum að sýna mannkyninu **þessa leið**, eins fljótt og við getum, að öðrum kosti mun mannkynið glatast. Mannkynið er að bíða eftir einhverjum, sem komi til þess að opna augu þess. Hið mikla verk verður að vinna, þess vegna verðum við að byrja **tafarlaust**.

Edward Michalski. (*Þýtt af I.A.*)

Efnisyfirlit

BAKHLIÐ TUNGLSINS OG JÖRDIN (Sjá forsiðumynd)	Bls.	74
ERINDI:		
Samband við framliðna vini. I.A.	—	75
GREINAR:		
Hringfarið undarlega S.H.	—	80
Upphof og endaleysa P.J.	—	81
Gegn meinlokú menntamanns P.J.	—	82
Álfhóll P.G.	—	83
Um norðurljós og hnattlögur jarðar I.A.	—	85
Enn um Konungsskuggsjá P.G.	—	88
DRAUMAR:		
Draumur um jarðlög I.A.	—	90
Svif yfir löngum firði — Draumur. I.A.	—	91
Draumur um fótspor í snjó I.A.	—	92
Óhugnanlegur draumur I.A.	—	93
Draumsamband við hund. E.M.	—	94
Draumur um Ísraelska hermenn E. M.	—	95
SAMBANDSFUNDIR:		
Úr miðilsfundi 20. des. 1971	—	96
Maður af öðrum frumliðshnetti	—	96
Ingólfur Arnarson	—	97
Úr miðilsfundi 18. mars 1974	—	98
Bjarni Benediktsson	—	98
Úr miðilsfundi 30. ágúst 1971	—	98
Magnús (kvaðst vera frá söguöld)	—	98
Úr miðilsfundi 6. sept 1971	—	99
Magnús (framhald frá fyrri fundi)	—	99
Indverji (ónefndur)	—	100
Úr miðilsfundi 6. ágúst 1967 á Hornafirði	—	100
Ullur	—	100
Úr miðilsfundi 10. ágúst 1967	—	101
Ullur og Þór að nokkru leiti	—	101
LESENDABRÈF:		
Úr bréfi frá Póllandi E.M.	—	103

Stjörnusambandsstöðin, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765.
Almennir félagsfundir eru þar fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9 e.h. Umsjónarmaður: Sveinn Haraldsson.